

Fimmtudaginn 19. janúar 1967.

Nr. 230/1966. **Jón Guðbjörnsson**
Hreggviður Guðbjörnsson
Hermann Guðbjörnsson og
Páll Guðbjörnsson
 (Þorvaldur Þórarinnsson hrl.)
 gegn

Alfreð Jónssyni og (Björn Hermannsson hrl.)
Jóhanni Salberg Guðmundssyni og
 (Egill Sigurgeirsson hrl.)

Alfreð Jónsson
 gegn
Jóni Guðbjörnssyni
Hreggviði Guðbjörnssyni
Hermann Guðbjörnssyni og
Páli Guðbjörnssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Jóhann Salberg Guðmundsson, sýslumaður í Skagafjarðarsýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. nóvember 1966. Gera þeir þessar dómkröfur:

Að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, lögbann það, sem hinn 8. ágúst 1966 var lagt við smíð íbúðarhúss á Reykjarhóli í Holtshreppi, verði látið haldast og að gagn-áfrýjanda, Alfreð Jónssyni, verði dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og svo fyrir Hæstarétti og

Að stefnda, Jóhanni Salberg Guðmundssyni sýslumanni, verði dæmd á hendur viðurlög lögum samkvæmt fyrir meðferð sína á lögbannsmálinu eftir framkvæmd lögbannsins hinn 8. ágúst 1966 og honum dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi, Alfreð Jónsson, hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 1. nóvember 1966. Honum hefur

verið veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti. Hann gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur um efni máls og að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og svo fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi, sem veitt hefur verið gjafvörn fyrir Hæstarétti, gerir þær dómkröfur aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að honum verði dæmd sýkna. Hann krefst og, að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Jóhann Salberg Guðmundsson sýslumaður framkvæmdi hinn 27. ágúst 1966 lausnargerð á lögbanninu frá 8. ágúst 1966 samkvæmt 1. tl. 2. mgr. og 4. mgr. 25. gr. og 27. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann, sbr. 2. mgr. 1. gr. sömu laga. Lausnargerðin sætti kæru til Hæstaréttar samkvæmt 5. mgr. 25. gr. og 27. gr. laga nr. 18/1949, enda hefur 3. tl. 21. gr. laga nr. 57/1962 um Hæstarétt, sem tekinn er orðrétt eftir 4. tl. 198. gr. laga nr. 85/1936, eigi hróflað við nefndu kæruákvæði laga nr. 18/1949, sem er eðli máls samkvæmt, þar sem skera ber úr því, svo skjótt sem kostur er, hvort lausnargerð á lögbanni skuli standa eða falla. Mál á hendur dómara fyrir framkvæmda lausnargerð sætir og kæru, sbr. 21. gr. i. f. laga nr. 57/1962. Mál þetta var eigi kært til Hæstaréttar á lögætum fresti. Ber því að vísa því frá dómi.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Greiða ber úr ríkissjóði laun talsmanns gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 18.000.00, og laun talsmanns stefnda fyrir Hæstarétti, kr. 14.000.00.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Greiða skal úr ríkissjóði laun talsmanns gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti, Björns Hermannssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 18.000.00, og laun talsmanns stefnda fyrir

Hæstarétti, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns,
kr. 14.000.00.

Úrskurður fógetadóms Skagafjarðarsýslu 27. ágúst 1966.

Mál þetta var þingfest 8. þ. m. og þá að kröfu gerðarbeiðenda og á þeirra ábyrgð lagt lögbann við frekari framkvæmdum við byggingu íbúðarhúss í landi jarðarinnar Reykjarhóls í Holtshreppi. Til tryggingar vegna lögbannsins hefur verið lagður fram víxill fyrir kr. 50.000.00.

Með bréfi, dags. 15. s. m., sneri Björn Hermannsson hæstaréttarlögmaður f. h. gerðarþola sér til fógetans og beiddist endurupptöku málsins skv. heimild í 4. mgr. 25. gr. laga nr. 18/1949, með því að hann telur af gögnum þeim, sem lögð voru fram við gerðina, að lögbannið sé gert á svo verulega röngum forsendum, að vafasamt sé, að það hefði náð fram að ganga, ef málið hefði verið réttilega og nægjanlega reifað, sbr. 2. mgr. 1. gr. sömu laga. Er þess jafnframt beiðzt, að fellt verði niður lögbann það, er gert hefur verið. Með téðri beiðni um endurupptöku málsins fylgdi byggingarbréf fyrir jörðinni gerðarþola til handa og fleiri gögn. Að framkominni þessari beiðni og með vísun til fylgigagna hennar taldi fógeti rétt að taka málið fyrir að nýju.

Kom málið síðan fyrir fógetadóminn 23. þ. m.

Gerðarbeiðendur mótmæltu endurupptöku málsins, þar eð þeir töldu, að skilyrðum 25. gr. laga um kyrrsetningu og lögbann væri eigi fullnægt til endurupptökunnar. Þeir bentu á, að skv. byggingarbréfi gerðarþola eigi hann að leita samþykkis jarðareigenda, þegar um fjárfrekar umbætur eða húsabætur sé að ræða, sem ekki telst brýn nauðsyn á.

Enn fremur segja þeir, að skjalið beri eigi með sér, að leitað hafi verið samþykkis yfirfjárráðanda, að því er varðar ófjárráða eigendur Reykjarhóls. Þeir mótmæltu framlögðu vottorði úttektarmanna á dskj. nr. 9 og matsgerð á dskj. nr. 10. Þá kröfðust þeir málskostnaðar úr hendi gerðarþola, að því er varðar þenna þátt málsins. Gerðarþoli krafðist þess, að ef eigi yrði af dóminum fallizt á beiðni hans um niðurfellingu lögbannsins, yrði tryggingarfé það, er gerðarbeiðendum hefur verið gert að setja, stórhækkað og a. m. k. í kr. 400.000.00 og verði það lagt fram í reiðufé eða í sparisjóðsbók.

Þá tók hann fram, að skv. upplýsingum Hermanns Jónssonar hreppstjóra, lögráðamanns þeirra aðilja, er ólögráða voru 1944,

hafi hann haft samráð við yfirfjárráðanda um öll meiri háttar atriði lögráðastarfsins, þ. á m. við gerð byggingarbréfsins, sem hér um ræðir. Gerðarþoli áskildi sér rétt til að koma að skaðabótakröfum ásamt kröfu um málskostnað. Einnig krafðist hann málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðenda í þessum þætti málsins.

Gerðarbeiðendur kröfðust þess, að lögbannsgerðin frá 8. þ. m. yrði látin óbreytt standa. Þeir mótmæltu hækkun tryggingarfjár og áskildu sér þó rétt til, að tryggingarvixill yrði tekinn gildur að viðbótartryggingu.

Ágreiningurinn var í sama þinghaldi tekinn til úrskurðar.

Málavextir eru eftirfarandi:

Með bréfi, dags. 5. þ. m., beiddist Hilmar Ingimundarson héraðsdómslögmaður, fulltrúi Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmans, þess f. h. Jóns Guðbjörnssonar bifvélavirkja, Laugavegi 135, Hreggviðar Guðbjörnssonar múrara, Skólavörðustíg 2, Hermanns Guðbjörnssonar trésmiðs, Snorrabraut 42, allra í Reykjavík, Óskars Guðbjörnssonar bónda, Stóru Þverá, Holtshreppi, Skagafjarðarsýslu, og Páls Guðbjörnssonar rafvirkjameistara, Vallargerði 28, Kópavogi, að lögbann yrði lagt við byggingarframkvæmdum þeim, sem Alfreð bóndi Jónsson á Reykjarhóli í Holtshreppi í Fljótum í Skagafjarðarsýslu væri að hefja á jörðinni án samþykkis framangreindra aðilja. Sú grein var gerð fyrir beiðninni, er hér segir: Árið 1943 fengu téðir gerðarbeiðendur ásamt systur sinni Lilju í arf eftir föður sinn, Guðbjörn Jónsson, bónda á Reykjarhóli, er andaðist 16. marz 1941, m. a. hvert um sig $\frac{1}{14}$ hluta jarðarinnar Reykjarhóls í Holtshreppi í Fljótum, en móðir þeirra, Jónanna Stefánsdóttir, fékk í sinn hlut við skiptin $\frac{8}{14}$ hluta jarðarinnar. Systir gerðarbeiðenda, Lilja, giftist síðar gerðarþola, og hófu þau búskap á jörðinni árið 1944. Þann 18. apríl 1958 seldi móðir gerðarbeiðenda og Lilju gerðarþola sína $\frac{8}{14}$ hluta jarðarinnar. Þar með varð eignarhluti gerðarþola og konu hans $\frac{9}{14}$ hlutar jarðarinnar. Þenna eignarhluta hefur gerðarþoli selt Rafveitu Siglufjarðar skv. afsali, dags. 8. júní 1965.

Þann 29. maí 1944 hefur gerðarþoli fengið byggingarbréf fyrir allri jörðinni, undirritað af tengdamóður sinni, sem þá var eigandi $\frac{8}{14}$ hluta, Jóni og Hreggviði Guðbjörnssonum, eigendum $\frac{2}{14}$ hluta, og af Hermann Jónssyni, fjárhaldsmanni þeirra Hreggviðar, Páls og Óskars Guðbjörnssona, sem voru eigendur að $\frac{1}{14}$ hluta hver. Verður að telja byggingarbréf þetta lögmætt, þar eð eigi þykir ástæða til að vefengja þær upplýsingar, sem hafðar

eru eftir lögráðamanninum, að hann hafi haft samráð við yfirfjárráðanda um byggingu jarðarinnar, sem einnig virðist í alla staði með sanngjörnum og eðlilegum skilmálum gerð. Verður byggingarbréf þetta að teljast í fullu gildi.

Það er notoriskt, að snjóflóð féll á íbúðarhúsið á Reykjarhóli 29. janúar s.l. vetur, og urðu skemmdir á því af þeim sökum slíkar skv. framlagðri matsgerð, að húsið er talið einskis virði. Gerðarþoli á skv. III. kafla ábúðarlaga nr. 87/1933 rétt á að endurreisa eða fá endurreist íbúðarhús á jörðinni í stað þess, sem ónýttist í snjóflóðinu. Hefur gerðarþoli þegar hafizt handa um þá framkvæmd.

Er húsið skv. vottorði úttektarmanna hreppsins, sem eigi þykir ástæða til að vefengja, talið hæfilegt að stærð miðað við þá fjölskyldu, sem í því er ætlað að búa og þann búrekstur, sem jörðin getur borið.

Enn fremur telja þeir fyrirhugaðan búnað og gerð hússins eigi umfram þær kröfur, sem nú eru gerðar til íbúðarhúsa í sveitum almennt, enda sé húsið teiknað af Teiknistofu landbúnaðarins. Byggingarfulltrúi héraðsins og formaður byggingarnefndar Holtshrepps hafa vottað, að staðsetning hússins hafi verið ákveðin af þeim. Við staðsetninguna segjast þeir hafa m. a. tekið tillit til snjóflóðahættu og útihúsa, sem fyrir voru. Þykir rétt að taka vottorð þetta gilt, þótt óstaðfest sé.

Það er rétt, að gerðarþoli hefði átt að hafa samráð við gerðarbeiðendur, áður en hann hófst handa um húsagerðina. Hins vegar verður eigi séð af þeim gögnum, sem fyrir hendi eru, að hagsmunum gerðarbeiðenda hafi með framkvæmdum gerðarþola til að reisa íbúðarhús að nýju á Reykjarhóli verið stefnt í þann voða, að lögbann við þeim hafi verið nauðsynlegt. Það er tvímælalaust, að gerðarþoli á rétt til að fá endurreist íbúðarhús á Reykjarhóli í stað þess, sem ónýttist í snjóflóðinu, og með þeirri framkvæmd er eigi með ólögætum hætti raskað rétti gerðarbeiðenda, sem skv. ákvæðum ábúðarlaga geta snúið sér til úttektarmanna um mat á húsaskyldu þeirra.

Skv. framanrituðu þykir rétt skv. heimild í 1. lið 2. mgr. og 4. mgr. 25. gr., sbr. 27. gr. laga nr. 18/1949 að taka upp að nýju fógetagerðina frá 8. þ. m., og með skírskotun til þeirra gagna, sem fram voru lögð af hálfu gerðarþola í fógetadóminum 23. þ. m., og með vísun til þess, sem að framan er rakið, að breyta fyrri ákvörðun fógeta frá 8. þ. m. og fella úr gildi lögbann það, er þá var lagt við frekari framkvæmdum við byggingu íbúðar-

húss í landi jarðarinnar Reykjarhóls í Holtshreppi, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 18/1949.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Ályktarorð:

Lögbann það, sem 8. þ. m. var lagt við frekari framkvæmdum við byggingu íbúðarhúss í landi jarðarinnar Reykjarhóls í Holtshreppi, er fellt úr gildi.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 23. janúar 1967.

Nr. 215/1966. **Hilmar Gunnlaugsson**

(Bogi Ingimarsson hdl.)

gegn

Árvaki h/f

(Sigurður Egilsson hdl.).

Dómdur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Magnús P. Torfason.

Ómerking. Frávísun. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. október 1966, að fengnu gjafsóknarleyfi 30. september 1966, og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 662.493.30 ásamt 7% ársvöxtum frá 13. september 1961 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda.

Atvik að slysi því, sem mál þetta er af risið, eru eigi í ljós leidd sem skyldi. Af hendi stefnda virðist ekki hafa verið hlutazt til um neina rannsókn á slysinu og orsökum